

### 4.3 Horn utan við hring



Video 33 Utanvert horn

Hér er átt við horn sem liggur utan við hring, með báða arma sem strengi eða sem snerta hringferilinn.






Video 34 Utanvert horn - Sýnidæmi

Reglan er þessi:

Stærð hornsins er jöfn hálfum mismun boganna sem það spannar. Við reiknum þetta svona:

$$A = \frac{y - x}{2}$$

Þessi regla gildir hvernig svo sem lega hornsins er gagnvart hringnum hvort sem báðir armar hornsins eru sniðlar í hringnum (*fremsta mynd*), annar armur þess sniðill og hinn snertill (*miðjumynd*) eða báðir armarnir snertlar (*aftasta mynd*).



Regla um topphorn:

Stærð topphorna innan hringi er jöfn hálfri summu boganna sem þau spanna.

$$A = \frac{y + x}{2}$$

